

Umsögn um frumvarp til laga  
um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Undirrituð fagnar frumvarpi til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, en það er löngu tímabært að huga að stuðningi við þennan hóp. Frumvarpið er í aðalatriðum mjög gott en undirrituð vill þó gera athugasemdir við nokkur atriði.

III. KAFLI

8. gr. Þar kemur fram að foreldrar geta ekki fengið greiðslur fyrir sama tímabil en undirrituð vill benda á að þegar barn verður alvarlega veikt leggja báðir foreldrar niður vinnu tímabundið til þess að vera hjá barninu. Þegar barn veikist alvarlega hefur það í för með sér mikið álag á fjölskylduna alla, þar með talin systkini sem þurfa einnig á foreldrum sínum að halda. Sama á við þegar um alvarlega fötluð börn er að ræða. Því leggur undirrituð til breytingar á næst síðustu málsgrein þar sem segir *“Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.”* Í stað þess myndi koma: *“Foreldrar barns eiga að öllu jöfnu ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.”* Þannig útiloka lögin ekki að foreldrar þyggi greiðslur til að vera hjá barninu á sama tíma þó megin reglan sé að einungis fái annað foreldra greiðslur fyrir sama tímabil.

9. gr. Þar er fjallað um að greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum komi til frádráttar á greiðslum. Hvað með sjúkratryggingar sem fólk hefur keypt fyrir fjölskylduna koma þær til frádráttar? Eða eru þær undanskildar? Og ef svo er af hverju ætti fólk að kaupa tryggingu? Það þarf að huga að þessum þætti og bæta við fyrir aftan síðustu setningu í þessum lið: *“Sjúkratryggingar sem foreldrar hafa keypt hjá tryggingafélögum koma ekki til frádráttar frá greiðslum samkvæmt lögum þessum.”*

12. gr. sama athugasemd og við 8. grein.


13. gr. sama athugasemd og við 9. grein.

IV. KAFLI

16. gr. Þar kemur fram að foreldri sem fær greiddar atvinnuleysisbætur eigi ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum. Í því samhengi má benda á að atvinnuleysisbætur falla niður ef viðkomandi getur ekki fyrirvaralaust tekið að sér vinnu s.s. ef viðkomandi þarf að sinna veiktu barni. Lífeyrisgreiðslur lúta öðrum lögmálum en atvinnuleysisbætur.

20. gr. Þarna er verið að blanda saman lögum um fæðingar- og foreldraorlof og greiðslum til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Fæðingar- og foreldraorlof er almennur réttur vegna fæðingar barna og ætti ekki að blanda saman við greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og ætti þessi liður því að falla niður.

Reykjavík 6. janúar 2006

  
Steinunn Bergmann  
félagsráðgjafi.